

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulag:

*Deiliskipulag frístundabyggðar. Markarflöt úr landi Dalbæjar III.*

Skipulagssvæðið er 20,3 ha svæði vestan í Galtafelli og er gert ráð fyrir 18 lóðum á bilinu 6.300-9.300 m<sup>2</sup> þar sem heimilt verður að reisa allt að 120 m<sup>2</sup> frístundahús og allt að 30 m<sup>2</sup> aukahús.

Samþykkt í sveitarstjórn 5. september 2007.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 26. september 2007.*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu,

**Pétur Ingi Haraldsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 10. október 2007